



Ráðhús Reykjavíkur

Ráðhúsið
101 REYKJAVÍK

Umsögn SFS um tillögu áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins og borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um mötuneytismál í Dalskóla - R19050138

Á fundi borgarráðs þann 16. maí 2019 lögðu áheyrnarfulltrúi Miðflokksins og Flokks fólksins og borgarráðsfulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi tillögu:

Tillaga:

Lagt er til að fundin verði viðunandi lausn fyrir skólabyrjun í haust hvað varðar mötuneytismál Dalskóla þar sem mötuneyti skólans verður ekki tilbúið fyrir en 2020 þar sem gleymst hafði að gera ráð fyrir því við hönnun skólans. Það stefnir í að Dalskóli muni ekki geta uppfyllt þær lagalegu kröfur sem gerðar eru til skóla um sbr. einkum 1. mgr. 23. gr. grunnskólalaga nr. 91/2008 þar sem segir að í grunnskóla skulu nemendur eiga kost á málsverði á skólatíma í samræmi við opinber manneldismarkmið. Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir skólamáltíðir samkvæmt sérstakri gjaldskrá samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem þau setja. Vísað er í erindi sem birt var Skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar, hinn 16. maí.

Umsögn:

Skrifstofu skóla- og frístundasviðs barst erindi dags. 16. maí 2019 þar sem foreldrar væntanlegs nemanda í 1. bekk skólans lýstu yfir áhyggjum sínum af mötuneytismálum í Dalskóla skólaárið 2019 – 2020 og óskuðu eftir að viðunandi lausn á mötuneytismálum nemenda og starfsfólks yrði fundin fyrir skólabyrjun í ágúst 2019. Tillaga áheyrnarfulltrúa Miðflokksins og Flokks fólksins og borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins er því samhljóða þeirri ósk sem fram kemur í erindi sem birt var skóla- og frístundasviði 16. maí sl.

Samkvæmt upplýsingum frá skólastjóra Dalskóla mun mötuneytið í nýja skólahúsnaðinu ekki verða tilbúið fyrir en um áramótin 2019 – 2020. Ekki verður hægt að framreiða mat í þeim hluta skólans sem hann fær til afnota fyrir þann tíma þar sem ekki er aðstaða til að taka á móti mat, fyrir nemendur að matast, né ganga frá að hádegisverði loknum. Ekki verður innangengt á milli hæða fyrir en að þeim framkvæmdum loknum og ekki hægt að flytja mat á milli hæða.

Nauðsynlegt reyndist að fjarlægja lausar kennslustofur á lóðinni sem m.a. hýstu mötuneyti nemenda til að fullklára aðkomu að skólanum, ganga frá skólalóðinni og tryggja öryggi nemenda á leið í skólann og í frímínútum.


Þegar þessi staða leituðu skólastjórnendur Dalskóla ásamt starfsmönnum skóla- og frístundasviðs allra leiða til að leysa þennan vanda og finna lausn sem ekki skapaði meiri vanda fyrir skólastarfið. Því var sú lausn kynnt fyrir foreldrum að nemendur grunnskólahluta Dalskóla kæmu með nesti að heiman þar til skólamötuneytið yrði tilbúið en að reynt yrði að bjóða foreldrum að kaupa samlokur, mjólkurvörur og e.t.v. fleira gegn gjaldi þegar aðstæður leyfðu.

Þessa dagana er unnið að því að leita leiða til að setja upp aðstöðu á skólalóðinni til að mögulegt sé bjóða nemendum upp á aðkeyptan mat þangað til framtíðar mötuneytisaðstaða skólans verður tilbúin. Foreldrar grunnskólanemenda í Dalskóla verða upplýstir um leið og aðstæður breytast eða betri lausn finnst á mötuneytisþjónustu við nemendur og starfsfólk skólans.

Benda má á að Reykjavíkurborg var í fararbroddi þegar kom að því að bjóða upp á heitan mat í grunnskólum borgarinnar og hefur lagt metnað í að bjóða börnum í skóla- og frístundastarfi í borginni upp á hollan og næringarríkan mat. Borgin hefur verið leiðandi í að innleiða gæðastaðla í mötuneytisþjónustu, gefið út gæðahandbók fyrir skólamötuneyti og fékk viðurkenningu fyrir nýsköpun í opinberum rekstri fyrir verkefnið *Næringarútreiknaðir matseðlar, örútbodð og matarsóun* árið 2015 (

<https://www.rannis.is/nyskopun-i-opinberum-rekstri/vidurkenning-2015/>).

Virðingarfyllst



Hólmgrímur Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs